

Ed.

537. Breytingartillögur

[125. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Jóni Ásbergssyni.

1. Við 1. gr. a. Liðurinn orðist þannig:
  - a) Að ákveða mismunandi verð á búvörum til framleiðenda á þann hátt, að framleiðendur fái fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er. Enn fremur er heimilt, ef þörf krefur, að innheimta verðjöfnunargjald til verðjöfnunar, sem má vera mis-hátt.

Réttur þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap, skal tryggður með ákvæðum í reglugerð.

Sérstakar aðgerðir eru heimilaðar til að auka búvöruframleiðslu, þar sem hún er of lítil fyrir neysluþarfir í einstökum landshlutum.

Heimilt er að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stíglækkandi eftir því sem framleiðsla vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumþýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda.
2. Við 1. gr. b. 1. mgr. orðist þannig:
  - b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 100% á innkaupsverð vörunnar. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu fá gjaldfrítt hæfi-legt magn kjarnfóðurs til fóðrunar alls búfjár síns upp að 600 ærgildum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
3. Við 1. gr. c. 4. mgr. orðist þannig:

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttar-sambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og ráðuneytisstjórinn í landbúnaðarráðuneytinu og sé hann formaður.
4. Við ákvæði til bráðabirgða.
  - a) Ákvæði til bráðabirgða, sem fyrir er, falli niður.
  - b) Nýtt ákvæði til bráðabirgða komi svo hljóðandi:

Á árinu 1979 er heimilt að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verð-lagsári og birgðum búsafurða, sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi.